

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03 SEPT. 2009
24.22
Tilv. _____

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20  
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. ágúst 2009  
Tilvísun: UST20090400005/ksj

### Tillaga að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008 - 2024

Vísað er til erindis VSÓ ráðgjöf er barst Umhverfisstofnun 29. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008 - 2024.

Um leið og Umhverfisstofnun tekur undir áherslur og markmið sveitarfélagsins er varða opnun og nýtingu náttúruverndarsvæða fyrir íbúa og ferðamenn og markmið um gott aðgengi frá íbúðasvæðum til útivistar gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir.

#### Ný iðnaðarsvæði

Í greinargerð er umfjöllun um ný iðnaðarsvæði og orkurannsóknir við Stóru-Sandvík og þar kemur fram að: „Mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um svæðið m.a. með rannsóknarborunum.“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að afla upplýsinga á hátt sem hefur minna rask í för með sér en rannsóknarboranir, en borun rannsóknarhola fylgir sama rask og við borun vinnsluholu þ.e. borteigur, steiptur borpallur og vegagerð, enda í raun sömu mannvirki. Umhverfisstofnun mælir með að eins miklum upplýsingum og kostur er sé safnað áður en tekin verði ákvörðun hvort fara eigi í rannsóknarboranir enda eru líkur á að þær boranir feli í sér töluvert rask.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008 - 2024.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun